



Reykjavík, 7. maí 2014.

Tilkynning frá stjórn og uppstillingarnefnd DSÍ.

Eins og áður hefur komið fram þá verður Dansþing 2014 haldið þriðjudaginn 27. maí nk. kl 18:00 í Þingsal E að Engjavegi 6, Reykjavík.

Í lögum DSÍ, grein 12.5. stendur:

12.5. Tilkynning um framboð til embættis formanns DSÍ skal berast skrifstofu DSÍ minnst 21 degi fyrir dansþing. Framkvæmdastjóri kemur tilkynningum um framboð strax til formanns uppstillingarnefndar.

Samkvæmt þessari grein, þá rann út í gær frestur til að bjóða sig fram til formanns DSÍ, sitjandi formaður Jónas Dalberg gaf ekki kost á sér.

Aðeins eitt framboð kom fram fyrir tilskilinn frest og er það frá Guðfinnu Ármannsdóttur, núverandi varaformanni DSÍ. Guðfinna verður því sjálfkjörin formaður til eins árs á n.k. Dansþingi.

Virðingarfyllst,

f.h. uppstillingarnefndar DSÍ

f.h stjórnar DSÍ

Ellen Dröfn Björnsdóttir

Jónas Dalberg